



Fréttabréf MFÍK

september 2012

Á döfinni hjá MFÍK

10. október kl. 19.00

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi, á horni Snorrabrautar og Njálsgötu

Borgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands, er gestur fundarins og ræðir um viðfangsefni fræðigreinarinnar.

Léttur kvöldverður á hóflegu verði í upphafi fundar (kr. 1500).

Húsið opnar kl. 18.30. Allir velkomnir.

7. nóvember kl. 19.00

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi, á horni Snorrabrautar og Njálsgötu

Helga Björnsdóttir, doktor í mannfræði, fjallar um hrausta menn og sköpun kyngervis og sjálfsmýndar í Íslensku friðargæslunni.

Léttur kvöldverður á hóflegu verði í upphafi fundar (kr. 1500).

Húsið opnar kl. 18.30. Allir velkomnir.

8. desember kl. 14.00

Bókmenntakynning MFÍK í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105.

Dagskrá auglýst síðar.

Saga MFÍK - efni og söguritari

Ákveðið var í fyrra að stefna að því að taka saman og gefa út sögu MFÍK. Sótt var um styrk til Menningarsjóðs Hlaðvarpans fyrir verkefnið haustið 2011 en hann fékkst ekki. Markmið sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Auglýst hefur verið að nýju eftir styrkumsóknum.

Stjórn MFÍK auglýsir eftir félögum sem hafa unnið með samtökunum og geta sagt frá starfsemi þeirra í gegnum árin. Eins væri gott að fá ljósmyndir og annað efni sem nýst gæti í þessa sögugerð.

Stjórn MFÍK leitar einnig að söguritara. Allar ábendingar og umsóknir eru velkomnar en stjórnin mun fara yfir málið innan tíðar.

Vinsamlegast hafið samband við Hörpu Stefánsdóttur, s. 6954865, Sigurlaugu Gunnlaugsdóttur, s. 8681182 eða sendið póst á mfik@mfik.is.

Félagsgjöld MFÍK

Innheimta félagsgjalda er farin af stað og þær konur sem eru með heimabanka sjá reikninginn þar. Aðrar félagskonur eru beðnar um að greiða inn á reikningur MFÍK. Hann er: 0526- 26- 484394, kt. 610174-4189.

Félagsgjaldið hefur ekkert breyst í fjölda ára og er kr. 2.500 og kr. 1.500 fyrir eldri borgara og nemendur.

XV. Þing Alþjóðasamtaka lýðræðissinnaðra kvenna

XV. þing Alþjóðasamtaka lýðræðissinnaðra kvenna (WIDF) var haldið í Brasíliuborg dagana 7.– 12. apríl s.l. Fulltrúar MFÍK á þinginu, Harpa Stefánsdóttir og Sigurlaug Gunnlaugsdóttir sögðu frá þinginu og helstu niðurstöðum þess á opnum félagsfundi 9. maí s.l. Um 400 konur frá um 100 löndum sóttu þingið. MFÍK er meðal þeirra félaga sem lengst hafa átt aðild að alþjóðasamtökunum, eða frá stofnun árið 1951. MFÍK á sæti í svæðisstjórn fyrir Evrópu. Hér má sjá nokkrar svipmyndir frá þinginu.

